

FERÐIR

LAUGARDAGUR 29. JÚNÍ 2013

Kynningarblað

Á FERÐ MEÐ ÁLFASTRÁK

**Nýtt smáforrit
með sögum,
fróðleik og ratleiki
um Vesturland 2**

HINSEGIN FERÐASÍÐA

**Gayiceland.is er
sambland af
fréttaveitu og
lífsstílssíðu 4**

Menningarheimur Epíópíu

Guðlaugur Gunnarsson ferðast með
hóp fólks til Epíópíu og kynnir hann
fyrir ólíkum ættbálkum, fornminjum
og einstöku landslagi. **6**

Á ferð með barni og álfastrák

Ferðalangar á leið um Vesturland geta nú sótt **smáforrit** sem inniheldur sögur, fróðleik og ratleiki um nokkra staði á Vesturlandi. Aðstandendur þess vonast til að smáforritið auki áhuga fjölskyldna á Vesturlandi sem viðkomustað.

Saga og Jökull eru aðalpersónur í nýju smáforriti (appi) sem Markaðsstofa Vesturlands og íslenska fyrirtækið Locatify úr Hafnarfirði hafa nýlega gefið út í samvinnu við ný ferðapjónustuaðila á Vesturlandi. Smáforritið ber nafnið Saga og Jökull eftir aðalpersónunum og inniheldur sögur og ratleiki sem tengjast ýmsum viðkomustöðum á Vesturlandi.

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir og Kristján Guðmundsson hjá Markaðsstofu Vesturlands segja aðstandendur verkefnisins vonast til þess að smáforritið auki áhuga barna og unglinga auk foreldra þeirra á ólíkum viðkomustöðum á Vesturlandi. „Þegar búið er að hlaða smáforritinu niður í símann eða spjaldtölvuna geta notendur valið um níu staði á Vesturlandi. Upp kemur kort af þessum stöðum og hægt er að hlusta á ævintýri Sögu og Jökuls á leiðinni á viðkomandi stað. Síðan þegar mætt er á staðinn er hægt að fara í ratleik á þeim öllum. Smáforritið byggir á Sögu sem er nú ára stelpa sem ferðast um landið með foreldrum sínum. Á einu ferðalaginu hittir hún Jökul álfastrák og þau lenda í ýmsum ævintýrum víða um Vesturland. Allir níu staðirnir eiga það sameiginlegt að bjóða upp

á eitthvað sérstaklega spennandi fyrir fjölskyldumeðlimi á öllum aldri.“

Skemmtilegir ratleikir

Meðal viðkomustaða Sögu og Jökuls eru Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, Grundarfjörður, Stykkishólmur, Landnámssetrið og Edduveröld í Borgarnesi, Bjarneyjarsandur í Hvalfirði, Reykholt, Eiríksstaðir í Dölum og Gljúfrasteinn í Mosfellsdal. „Í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli gefst krökkum meðal annars tækifæri til að fara í ratleik á Gufuskálum og á Grundarfirði leiðir ratleikurinn gesti um álfabyggðina en fjölmargir álfar búa í stokkum og steinum þar. Á Gljúfrasteini leiðir ratleikur gesti um nokkra af uppáhaldsstöðum Halldórs Laxness og á Eiríksstöðum fer ratleikurinn fram að hluta inni í bæ Eiríks rauða sem var uppi fyrir meira en 1.000 árum.“

Smáforritið um Sögu og Jökul er ætlað fyrir iPhone-síma og iPad-spjaldtölvur auk síma með Android-stýrikerfi. Það er hægt að sækja án endurgjalds inn á vef Locatify, www.locatify.com, á www.vesturland.is og inn á App Store og Play Store. Nánari upplýsingar um smáforritið má finna á vef Markaðsstofu Vesturlands (vesturland.is) og Locatify (www.locatify.com).



Kristján Guðmundsson og Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir hjá Markaðsstofu Vesturlands vonast til þess að smáforritið auki áhuga fólks á Vesturlandi.

Seiðmagn óbyggðanna

Ferðafélag Íslands hefur gefið út Seiðmagn óbyggðanna, ferðabætti eftir Gerði Steinhórsdóttur. Einstakar ferðalýsingar Gerðar að mestu byggðar á greinum hennar sem birtust í Morgunblaðinu undir heitinu „Á slóðum Ferðafélags Íslands.“

Fæst á skrifstofu FÍ Mörkinni 6 og í helstu bókabúðum.

FÍ

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | www.fi.is

Laugar í náttúrunni

Víðs vegar um landið má finna heitar laugar. Listinn er langur en hér eru dæmi um nokkrar. Fleiri laugar og frekari upplýsingar má fá á www.attavitinn.is og www.islandihnotskurn.is

Hellulaug

Laugin er um 500 m frá þjónustumiðstöðinni í Flókalundi, á Vestfjörðum. Hún er falin neðan við barð í fjöruborðinu og best er að ganga að henni austan frá. Engin búningaaðstaða er við laugina.

Grettislaug


Þessi heita laug, um 42-43 °C, er við Reykjaströnd í Skagafirði vestanverðum. Önnur stærri laug er skammt frá. Þarna er aðstaða fyrir ferðamenn og tjaldstæði.

Stóragjá

Hlý og notaleg náttúruleg laug í nágrenni Mývatns. Hún er milli stórra kletta, mjög nálægt þjóðveginum á gatnamótunum við Reykjahlíð og tjaldstæðin. Ráðlegt er að ráðfæra sig við landeigendur Reykjahlíðar áður en haldið er í laugina, því stundum eru aðstæður ekki boðlegar. Engin búningaaðstaða er á svæðinu.

Laugarfellslaug

Til að komast að lauginni er ekið um Snæfellsveg á Fljótsdalsheiði og beygt austur afleggjara sem liggur niður með Laugará. Eigandi laugarinnar er Prestsetra-sjóður.



Víða um land má finna heitar laugar.

Vígðalaug

Í lauginni voru menn skírðir til forna. Hún er af mörgum talin búa yfir yfirnáttúrulegum lækningarmætti. Laugin er við Laugarvatn.

Landmannalaugar

Einn þekktasti ferðamanna staður Íslands. Hægt er að fara í Landmannalaugar með því að fara Fjallabaksleið nyrðri eða um Landmannaleið. Leiðirnar eru ekki ætlaðar fólksbílum en hægt er að fara þær á smájeppum. Engin aðstaða til fataskipta er á svæðinu.

Krossneslaug

Steinsteypt útisundlaug við Krossnes í Norðurfirði á Ströndum. Þangað fara ungskáld gjarnan að kvöldlagi og yrkja um ástina. Búningsklefar og sturtur eru á staðnum. Töfrar líka.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmenn auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson, s. 512 5432, sverrirbs@365.is

Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



SUMAR 2013 Almería

ROQUETAS DE MAR

- Tilvalinn sumaráfangastaður
fyrir alla fjölskylduna!



Arena Center ☆☆☆☆

Hlýlegt og fallett hótél. Val um stúdíóíbúðir eða íbúðir með einu svefnherbergi. Á hótelinu er skemmtidagskrá fyrir alla aldurshópa og starfandi barnaklúbbur.

frá **79.900 kr.***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá kr. 97.800 fyrir 2 fullorðna. Brottför: 2. júlí og heimkoma viku síðar.

Pierre Vacances ☆☆☆

Glæsileg ný íbúðagisting í Roquetas de Mar. Garður með tveimur sundlaugum og barnalaug. Íbúðir með 2 eða 3 svefnherbergjum. Íbúðirnar eru staðsettar stutt frá strönd.

frá **77.900 kr.***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með tveimur svefnherbergjum. Verð frá kr. 101.800 fyrir 2 fullorðna. Brottför: 2. júlí og heimkoma viku síðar.

UM ALMERÍA:

- ✓ Hagkvæmt verðlag
- ✓ Ekta spænsk menning
- ✓ Glæsilegar gistingar
- ✓ Fjölbreytt afþreying
- ✓ Tilvalið fyrir stórfjölskyldur
- ✓ Frábært verð!

Stökktu
í sólina á
þriðjudaginn
2. júlí
**ÖRFÁ
SÆTI LAUS!**

SUMAR  FERÐIR

...eru betri en aðrar

Fjölbreytt hinsegin ferðasíða

Gayiceland.is er sambland af fréttaveitu og lífsstílssíðu sem er sérsniðin að hinsegin fólki. Ritstjórinn er Roald Eyvindsson, en hann hugsaði síðuna upphaflega sem fréttaveitu fyrir erlenda ferðamenn á Íslandi. Í dag er þar að finna fjölbreyttar upplýsingar og viðtöl.

Þetta hefur farið ótrúlega vel af stað, eiginlega langt fram úr væntingum,“ segir Roald Eyvindsson, ritstjóri vefsíðunnar Gayiceland.is sem er sérsniðin að hinsegin fólki og var hleypt af stokkunum fyrir ári.



Roald Viðar Eyvindsson

Að sögn Roalds var Gayiceland.is upphaflega hugsuð sem fréttaveita fyrir erlenda ferðamenn og enskumælandi útendinga búsetta á Íslandi og tók efni vefsíðunnar mið af því. „Við greindum frá atburðum líðandi stundar, áföngum í mannréttindabaráttu hinsegin fólks á Íslandi og alls kyns viðburðum því tengdum. Þegar fram liðu stundir fór þessi nálgun að verða einsleit þannig að við færðum út kvíarnar og bættum við lífsstílstengdum efnum,“ segir Roald, en þá fyrst fóru hjólin að snúast, því umferðin um síðuna stórkjóst.

Gayiceland.is er því sambland af fréttaveitu og lífsstílssíðu. Efninu er skipt niður í flokka, svo sem viðburði, næturlíf, mannréttindi, mat og menningu og listir, auk þess sem farið er vítt og breitt yfir sjónarsviðið.

Þar má nálgast myndbönd og ljósmyndir úr gay pride-göngunni og finna viðtöl, til dæmis við Önnu Pálu Sverrisdóttur, formann Samtakanna '78, og hljómsveitarmeðlimi Retro Stefson.

„Við höfðum samband við strákana í Retro Stefson eftir frumsýningu myndbands við lagið She Said og vildum vita hvernig þeir hefðu fílað sig í draggi. Þeir tóku því vel og úr varð stórskemmtilegt viðtal,“ segir Roald.

Á skipi með samkynhneigðum

Roald segir Gayiceland.is ekki eingöngu vera fréttaveitu og ferðahandbók heldur veiti hún líka

áhugaverða innsýn í íslenska þjóðarsál. „Svo ég vitni áfram í viðtalið við Retro Stefson, þá endurspeglar sú jákvæða afstaða sem þar kemur fram í garð samkynhneigðra vel hug þjóðarinnar allrar. Á skömmum tíma hafa Íslendingar skipað sér í sveit með framsæknustu þjóðum heims á sviði mannréttinda. Réttarstaða hinsegin fólks er á heildina litið góð á Íslandi, sem gerir landið að mjög ákjósanlegum áfangastað í augum margra. Falleg náttúra er ekki það eina sem laðar fólkið að, heldur vissan um að geta verið maður sjálfur án þess að mæta fjdaskap.“

Roald segist hafa séð hversu rík sú þörf er víða erlendis þegar hann fór í siglingu fyrir samkynhneigða í fyrra. „Ég hafði takmarkaðan áhuga í upphafi en lét til leiðast. Þegar upp var staðið er þetta eitt af ævintýrlegri ferðalögum sem ég hef farið í,“ segir hann en viðurkennir að í byrjun ferðar hafi verið svolítið yfirþyrmandi að vera umkringdur öllum þessum fjölda karla á lendaskýlum. „Þarna var maður staddur ásamt þrjú þúsund



Hinsegin fólk kemur til Íslands til að geta áhyggjulaust verið það sjálft. NORDICPHOTOS/GETTY

hommum og lesbíum um borð í stærðarinnar skemmtiferðaskipi sem sigldi frá Los Angeles til Mexíkó. Boðið var upp á ljúffengan mat í öll mál, flott skemmtiatriði, skoðunarferðir í landi og mörg þematengd partí á dag sem fólk mætti uppabúið í,“ lýsir Roald og minnst þess að Asíubúarnir

hafi skemmt sér sérstaklega vel. „Einn tjáði mér að ástæðan væri hversu bágborin staða hinsegin fólks væri heima fyrir. Sumir gátu í fyrsta sinn á ævinni sleppt fram af sér beislinu. Á skipinu var ég því rækilega minntur á hvers vegna hinsegin fólk ferðast í auknum mæli til Íslands.“

Suður England og Wales 15. – 21.08.

Sjö daga ferð um Suður-England og Wales.
Ein af vinsælustu ferðunum okkar

Ekið um borgir og þorp í hjarta Englands, komið við m.a. í Oxford, Bristol, Bath og í Brecon þjóðgarðinu. Skoðunarferðir alla daga. Allur aðgangseyrir og hálf fæði innifalið. Leitið nánari upplýsinga hjá utanlandsdeild okkar.

Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar
 Borgartún 34, 105 Reykjavík, S: 511 1515 • outgoing@gjtravel.is • www.ferdir.is



Ugla Café er kósý sveitakaffihús í Fnjóskadal.

MYND/UGLAN CAFE

Kaffihús í gömlum skóla

Ugla Café er kósý kaffihús í Fnjóskadal sem opið er á sumrin. Kaffihúsið er rekið í Skógum, sem var barnaskóli sveitarinnar á árunum 1916 til 1972. Í Skógum var einnig samkomustaður, símstöð og póstaðgreiðsla sveitarinnar og þar var einnig ferjustaður áður en Fnjóská var brúuð. Skógar standa steinsnar frá þeim stað þar sem áætlað er að munni Vaðlaheiðarganga verði.

Kaffihúsið er staðsett í gömlu kennslustofunni og þá geta gestir gluggað í gamlar bækur, meðal annars kennslubækur frá liðnum tíma í bókastofunni. Þar er einnig hægt að kaupa notaðar bækur og í bókastofunni er gallerý þar sem listamenn sýna verk sín.

Á boðstólunum eru heimabakaðar veitingar úr hráefni úr héraðinu og geta gestir valið um te soðin af staðbundnum jurtum, svo sem blóðbergi og vallhumli.

Ugla Café er í 25 mínútna akstursfjarlægð frá Akureyri og þaðan er stutt í náttúruperlur Norðurlands eins og Vaglaskóg og Goðafoss.



Við náum til fjöldans

Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti

Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. **Örugglega til þín.**

Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.

Póst dreifing

O-GRILL



O-Grill 3000	kr. 29.950
O-Grill 1000	kr. 25.950
Borðstandur	kr. 9.995
Taska	kr. 2.995
Hitamælir	kr. 1.995

VÍKUR
V • E • R • K

Fyrir ferðalagið
svalirnar
garðinn
pallinn
Allt árið



Markaður meðal Hamar-fólksins er heimsóttur. Skinnklæðnaður er áberandi og sérstök hárgreiðsla kvenna sem setja smjör og rautt kalk í hár sitt. Þær fá aldrei að þvo sér um hárð eftir að þær oftast.



Danssýning hjá Dorsemönnum er áhrifamikil og nota þeir vopn og hefðbundinn skinnklæðnað og litríkan vefnað í dansinum.

Með innfæddum í Epíóríu

Guðlaugur Gunnarsson starfaði sem kristniboði í Eþíópíu í fimmtán ár. Í október fer hann sem fararstjóri með Íslendinga til þessa einstaka menningarheims þar sem hægt er að kynnast ólíkum ættbálkum og skoða fornminjar.

Guðlaugur er að fara í ánað skiptið með Íslendinga til Eþíópíu en Jóhanna Kristjónsdóttir hafði farið áður með hópa þangað í skipulagðar ferðir. Guðlaugur talar mál innfæddra og þekkir þennan menningarheim vel. „Það var 21 í ferðinni í fyrra og ég býst við svipuðum fjölda núna,“ segir Guðlaugur, en það eru Bændaferðir sem selja ferðina og enn eru nokkur sæti laus.

„Þetta er langt ferðalag, flogið er frá London til höfuðborgarinnar Addis Ababa, en það er átta klukkustunda flug. Síðan er flogið innanlands til norðurhluta landsins, en þar eru skoðaðir mjög áhugaverðir staðir. Má þar nefna upphaf Nílar í Tanavatni. Þar eru miklir og frægir fossar, Bláa Níl, en þar förum við í gönguferðir og komumst í návígi við þessa miklu fossa. Einnig siglum við út í eyju í vatninu og heimsækjum klaustur og sjáum gamlar eþíópískar skreytningar í fornri kirkju. Þessi kirkja er merkileg, þar sem hún hefur mörg

einkenni af gyðingdómi,” segir Guðlaugur.

Til heljar

„Frá Tanavatni er farið með flugi á stað sem heitir Lalibela, en það er lítið fjallaborp í 2.800 metra hæð. Þorpið lætur ekki mikið yfir sér en þegar nær dregur sér maður myndkirkjur höggnað inn í fjallið. Þær eru ellefu talsins og ótrúlega fallega gerðar og hafa varðveist frá árinu 1200. Við fáum góða leiðsögn um þetta svæði. Meðal annars er farið í gegnum myrkvuð göng þar sem bannað er að kveikja ljós, en þau kallast göng heljar. Þau eiga að tákna að leið manna geti legið til heljar en síðan koma menn út hinum megin og í aðra kirkju sem þar er. Á þessum stað er einstakt útsýni yfir allar sveitir í kring. Ögleymanlegt er að koma á þennan stað, sérstaklega að horfa á sólarlagið.

Líkamsskreyttir ættbálkar

Frá Lalibela er flogið aftur til höfuðborgarinnar og hún skoðuð



Farastjórinn, Guðlaugur Gunnarsson, að koma út úr einum af göngunum í Lalibela, þar sem eru margar kirkjur frá því um 1200, allar úthöggnar úr klettum fjallsins í heilu lagi.

en seinni hluti ferðarinnar er nokkuð ólíkur fyrri hlutanum. Ferðin stendur í tvær vikur, en fyrri vikan er söguleg þar sem skoðaðar eru fornar minjar. Í seinni hlutanum heimsækjum við nokkra ólíka ættbálka sem þarna búa. Sumir þessara ættbálka eru

fámennir og hver með sína eigin siði, venjur og tungumál. Ættbálkarnir hafa auk þess mismunandi líkamsskreytingar sem eru einkennandi fyrir þá. Þarna má sjá ýmislegt sem er ólíkt því sem við eigum að venjast, enda komumst við í návígi við fólkið, fáum að kíkja í heimsókn í kofa þess. Það er stórkostleg upplifun og þeir sem fóru í fyrra voru afskaplega ánægðir með alla ferðina," segir Guðlaugur. „Við komum einnig við á stöðum þar sem Íslendingar hafa verið með

ΕΡΓΙΟΡΙΑ

er leyndardómsfullt land í Austur-Afríku sem hefur að geyma ævaforna menningu allt frá tímum Axum ríkisins sem var stórveldi í Afríku fyrir 3000 árum. Gamla keisaraættin rakti ættir sínar til Salómons konungs í Jerúsalem, sem biblían segir frá. Hér var vagga mannlífs á jörð því elstu minjar um menn, beinagrindin af Lúsíu, fundust við uppgröft suður af höfuðborginni Addis Ababa. Fáir Íslendingar gera sér grein fyrir að þetta land hefur að geyma ótrúlega áhugaverða menningu og mannlíf frumbyggja sem á sér engan sinn líka í heiminum. Í landinu búa yfir 80 mismunandi þjóðflokkar, hvert með sitt tungumál og ólíka menningu, sérstöku siði og venjur. Íbúafjöldinn er alls um 85 milljónir.

kristniboðs- eða
hjálparstarf, meðal annars í
Konsó sem margir kannast við.“

Hann segir að fólk á öllum aldri hafi áhuga á þessari ferð, allt frá þrítugsaldri til rúmlega sjötugs. „Þetta er ekki mjög áreynslumikil ferð þótt einhverjar göngur séu. Mynd Íslendinga af þessu landi er fátækt og hungur en í rauninni er þetta ákaflega fjölbreytt land. Þegar ekki hafa verið þurrkar og uppskerubrestur er landið frjósamt og með fjölbreytilegu mann-
lífi.“

Köfunarvörur!



**Mikið úrval af fylgihlutum
til sport- og atvinnuköfunar,
sjósunds- og kajakfólks.**



**Köfunarkennara má finna á
heimasíðunni kofunarvorur.is**



kofunarvorur.is

GSM: 612 5441 • valdi@kofunarvorur.is

Köfunarvörur • Fatnaður
Leigubúnaður • Viðgerðapjónusta



Köfunargallar

frá Hollis, Oceanic og
Santi diving.



Loftpressur

Útvegum loftpressur frá 80-560 l.
Mynd: 100 l/min. 300 bar pressu.



Köfunarvesti

frá Ocenic, Hollis og Aeris.



Loftkútar

Frá 1 l. til 18 l. 232 bar.



Lungu

Köfunarlunqu frá Hollis.



Þó margir fari út í náttúruna til að losna við áreiti tækninnar nýta sumir sér hana til að gera ferðalagið fróðlegra og skemmtilegra.

Nútímaútilegan

Margir telja útilegur eiga að vera frí frá skjánum og afturhvarf til náttúrunnar. Það er ekki endilega raunin. Axel Paul Gunnarsson, aðstoðarritstjóri tæknibloggsins simon.is, segir frá ómissandi tækni í útileguna.

„Ég er einmitt á leið í útilegu um helgina og er á fullu í undirbúningi,“ segir Axel Paul. „Ég mun nota símann minn mikið, streyma tónlist, græja gítargrip og texta, fá upplýsingar um tjaldstæði og fleira,“ segir hann. „Þess vegna þarf ég að vera búinn að gera ráðstafanir, vera með bílahleðslutæki, hleðslupung og með nóg gagnamagn.“

Öryggið í fyrirrúmi

„Ég er líka með appið 112 Iceland, því maður getur aldrei verið of varkár.“ 112 Iceland er forrit sem

sendir GPS-hnit til Neyðarlínunnar, þó það sé ekki netsamband. „Það getur munað miklu fyrir björgunarsveitina, ef eitt-hvað kemur fyrir.“

Ymiss konar smáforrit

Hann segist nota ýmis smáforrit í símanum, til dæmis Spotify, Google Music, Google Maps og Torch, sem er vasa-ljós. „Eins nota ég símann til að finna gítarnótur og texta á netinu. Svo hópast fólk bara í



kringum mann ef það kann ekki textann, símaskjárinn er alveg tæpar fimm tommur,“ segir hann og hlær.

Axel Paul segir því símann vera orðinn stóran hluta af því að gera útileguna örugga og skemmtilega. „Svo væri auðvitað dæmigert að ég týndi símanum úti í móa í einhverju kæruleysi,“ bætir hann við hlæjandi.



FANTASÍA FYRIR BÖRN

Draumar barna rætast í nýju Fantasiulandi í Disney World í Flórída. Þar ganga þau beint á vit ævintýra Litlu hafmeyjunnar og Fríðu og Dýrsins og eiga persónuleg samskipti við söguhetjurnar.

Fantasiulandið er vinsælasta landið í vinsælasta Disney-garði veraldar og stærð hans á níunda hektara. Gestir hitta Fríðu fyrir í koti sínu og Aríel hafmeyju í helli sínum og passað er upp á að hvert barn fái sinn tíma.

Það sem stelur senunni í Fantasiulandi er Lumière, talandi kertastjakinn úr Fríðu og Dýrinu, og ein flóknasta sögupersóna sem Disney hefur skapað í

görðum sínum. Meira að segja fullorðið fólk missir andlitið af undrun og Disney segir Lumière bæði lifandi og raunverulegan.

Disney World er sneisafullt af þematengdum veingastöðum en enginn kemst í hálfkvisti við Be Our Guest hjá Dýrinu. Gengið er yfir steinbrú að stórum járnhliðum og inn í kastalann þar sem eru þrír matsalir með handmáluðum skýjabólstrum og englabörnum í lofti. Fyrir utan gluggana kyngir niður snjó.

Nýja Fantasiulandið er eins og kandifloss, sykursætt og yndislegt. Á næsta ári verða opnuð enn fleiri ævintýri í nýja Fantasiulandinu þegar námulest Dverganna sjö kemst í gagnið.

Störsýning um helgina

störglæsileg hjólhýsi og húsbílar

Hjólhýsi frá 3.000.000.-

Sýnum 2012 árgerðir bíla



Opíð
laugardag 12-16
sunnudag 13-16



P. KARLSSON EHF.

ÖGURHVARF 2
203 KÓPAVOGUR
SÍMI 517 5200

WWW.PKARLSSON.IS




Frelsisstytta er vinsæll viðkomustaður ferðamanna.

FRELSISEY OPNUÐ Á NÝ

Frelsisey (Liberty Island), sem staðsett er fyrir utan Manhattan og hýsir Frelsisstyttuna, verður opnuð á ný á þjóðhátíðardegi Bandaríkjamanna, 4. júlí. Þetta kemur fram á heimasíðu þjóðgarða New York-ríkis. Eyjunni var lokað fyrir umferð ferðamanna í kjölfar eyðilegginga af völdum fellibylsins Sandy sem skall á austurströnd Bandaríkjanna í október á síðasta ári.

Opnun eyjarinnar á þjóðhátíðardaginn er táknræn og mikið fagnaðarefni í Bandaríkjunum. Ferðamenn ættu einnig að hoppa hæð sína enda er Frelsisey einn vinsælasti ferðamannastaður í New York. Opnað hefur verið fyrir forsölu á miðum og segja umsjónarmenn eyjunnar að þeir renni út eins og heitar lummur. Búist er við metaðsókn fyrstu dagana eftir opnun.



KIRKJUGARÐUR ÞRÆLA Á MANHATTAN

Mitt í ys og þys New York-borgar er að finna friðsælan stað sem nefnist „African Burial Ground National Monument“. Þar er minnismerki um fimmtán þúsund þræla sem grafnir voru á Manhattan-eyju á sautjándu og átjándu öld.

Það var árið 1991 sem byggingaverkamenn fundu grafreit þræla á neðri hluta Manhattan-eyju, aðeins fimm til átta metra undir jörðu. Á svæðinu fundust yfir 400 kistur frá þeim tíma þegar New York-borg hósti flesta þræla í Bandaríkjunum fyrir utan Charleston í Suður-Karólínu. Á 17. og 18. öld voru þrælar nærri fjórðungur af íbúum New York.

Byggt hefur verið minnismerki á staðnum auk gestamiðstöðvar þar sem hægt er að fræðast um sögu afrískra Bandaríkjamanna í New York.

KRÓATÍA VINSÆL MEÐAL FERÐAMANNA

Kaup á króatíska gjaldmiðlinum, kuna, hafa aukist um 50 prósent í Bretlandi. Þessi mikla aukning kemur mörgum á óvart enda hefur breska pundið hækkað á móti króatíska gjaldmiðlinum.

Breska fréttasíðan Telegraph greinir frá því að Bretar sækja nú í auknum mæli í að fara í frí til Króatíu. Mörgum þykir það kynlegt enda er verð á hótélum í löndunum í kring mun lægra en í Króatíu.

Ástæðan fyrir vinsældum landsins ætti þó að vera augljós þeim sem þangað hafa farið. Þar er að finna ógrynni af náttúruperlum, enda er ferðapjónusta stór atvinnuvegur í Króatíu. Fjölgun ferðamanna hefur þannig haft góð áhrif á efnahag landsins.

Króatía er í 18. sæti yfir vinsælustu ferðamannalönd heims en misjafnt er eftir hverju fólk er að leita. Í Króatíu eru margar fallegar strandir með ljósbláum sjó þar sem sést til sjávarbotns. Margir náttúruunnendur fara þangað til þess að skoða fallega skóga og fossa sem einkenna landslagið. Heilsulindir landsins eru þekktar um allan heim. Þá eru króatískar borgir uppfullar af menningu og höfuðborgin, Zagreb, er vinsæll áfangastaður ferðamanna.



flugrútan



**Reykjavik
Excursions**
KYNNISFERÐIR

ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT.

Áætlunarferðir Flugrúttunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll.

Kauptu miða núna á www.flugrutan.is

Alltaf laus sæti.



BSÍ - Umferðarmiðstöðin
101 Reykjavík
☎ 580 5400
main@re.is • www.re.is



Skannaðu stríkamerkid með snjallsímanum og kynntu þér áætlunina.

